

## HÚSALEIGUSAMNINGUR

**Straumur fastanr. 208-1150**

### Samningsaðilar:

**Leigusali:** Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579

**Leigutaki:** Rimmugýgur, kt. 700497-2409

### Hið leigða:

Leigutaki tekur á leigu til bráðabirgða fasteignina Straum við Straumsvík. Leigutaki tekur við húsnæðinu í því ástandi sem það er nú í og hann hefur kynnt sér ítarlega og sættir sig við að öllu leyti.

### Leigutími:

Leigutími hefst við undirritun leigusamnings þessa. Húsnæðið er bráðabirgðahúsnæði til leigutaka, þar sem leigutaka var gert að rýma leigurými sitt að Lækjargötu 2, Dverg, og ekki hefur fundist hentugt húsnæði í staðinn. Leigutími er stuttur og gert ráð fyrir að verði eigi lengur en til 30. september 2017.

Leigutaki skuldbindur sig að leita að hentugu húsnæði fyrir starfsemi sína og mun leigusali jafnframt aðstoða leigutaka við að finna honum hentugt húsnæði.

Leigutaka er kunnugt að hið leigða húsnæði er á söluskrá og skuldbindur sig til að sýna það væntanlegum kaupendum hvenær sem þess verður óskað.

Verði húsnæðið selt á leigutímanum og óskað er afhendingu fyrir 30. september 2017, skal leigutaki gera allt sem í hans valdi stendur til að rýma húsnæðið fyrr.

Finni leigutaki hentugt húsnæði fyrir 30. september 2017 þá er honum heimilt að afhenda leigusala húsnæðið.

### Leigugjald:

Leigugjald er kr. 0,- á leigutímanum.

Leigusali greiðir rafmagns- og hitakostnað á leigutímanum.

### Skil húsnæðis:

Leigutaki skal í lok leigutíma skil húsnæðinu til leigusala í góðu ástandi. Leigutaki ber óskerta bótaábyrgð á rýrnum húsnæðis eða spjöllum, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins. Allar breytingar á húsnæðinu skal bera undir leigusala.

**Umgengnisskyldur og réttindi:**

Leigutaki skuldbindur sig til að fara vel og þrifalega með hið leigða húsnæði. Hluti húsnæðisins er nýttur af leigusala og skal leigutaki ekki raska eðlilegum afnotum hans að húsnæðinu eða valda óþægindum eða ónæði.

Að öðru leyti en hér getur gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994, með síðari breytingum um húsaleigusamning þennan. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta er vottar rétta dagsetningu og undirskrift aðila.

Hafnarfirði, 2017

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Rimmugýgjar

Vottar að réttri dags. og undirskrift aðila:

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_